



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 17.9. '19

Úrskurður aganefndar 17. september 2019

Eftirtalin mál lágu fyrir og voru tekin til úrskurðar:

1. Britney Cots leikmaður FH hlaut útilokun með skýrslu í leik FH og Fram U í mfl. kv. þann 13.9. 2019. Í agaskýrslu frá dómurum kemur fram að við endurmat á atvikinu hafi þessi ákvörðun verið röng og rauða spjaldið því dregið tilbaka. Niðurstaða aganefndar er því að ekki skuli aðhafst frekar í málinu og spjaldið mun því ekki gilda ef kemur til ítrekunaráhrifa vegna rauðra spjalda.
2. Kristján Ottó Hjálmsson leikmaður HK hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik HK og Fjölnis í mfl. ka. þann 15.9. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það því niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
3. Þorgils Jón Svölu Baldursson leikmaður Vals hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik FH og Vals í mfl. ka. þann 15.9. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd veur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi fimmtudaginn 19. september.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

